HÚNAÞING VESTRA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 28. apríl 2025
Mál nr. 2504037 U.V.H.

Efni: Umsögn Húnaþings vestra um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (mat á fjárhagslegum áhrifum).

Á 1243. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 28. apríl 2025 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (mat á fjárhagslegum áhrifum, 272. mál, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð ítrekar umsögn sína um málið á fyrri stigum sem var svohljóðandi:

> *Byggðarráð fagnar áformum hins opinbera um að bæta gæði kostnaðarmats, þ.e. mats á hugsanlegum áhrifum frumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á fjárhag sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa um langt skeið gagnrýnt skort þar á og fjölmörg dæmi um að kostnaðarmat sé ekki framkvæmt eða ekki fullnægjandi þegar það er gert, óljóst sé hvenær leita eigi umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvernig leyst skuli úr ágreiningi.*

Það er mat Byggðarráðs Húnaþings vestra að nái frumvarpið fram að ganga geti það leitt af sér aukin fyrirsjáanleika í rekstri sveitarfélaga til framtíðar auk bættra samskipta ríkis og sveitarfélaga. Byggðarráð tekur jafnframt undir umsögn byggðarráðs Norðurþings þar sem fram kemur að komi í ljós að ekki hafi farið fram mat á fjárhagslegum áhrifum og ljóst að lagafrumvarp, stjórnvaldsfyrirmæli eða stefnumarkandi ákvarðanir ríkisins munu hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélag eða sveitarfélög skal viðkomandi ráðherra eiga frumkvæði að viðeigandi ráðstöfunum sem geta m.a. falið í sér breytingu á fjármögnun eða þjónustukröfum.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við Umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.